
N O R Ð F I R Ð I N G U R

3. tölublað 1988

12. árgangur

Jóla- og aðalfundur Norðfirðingafélagsins verður haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 4. desember 1988, kl. 15,30 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Jólahugvekja
Kaffi og heimabakaðar kökur
með tilheyrandi jólastemningu

Mætum öll í hátíðarskapi

Viðtakandi:

*Gyðei Ólafsson
Bústaðahlíð 66
105 Reykjavík*

Ágætu félagar!

Þegar þetta er skrifað, þá eru nákvæmlega 20 ár liðin frá stofnfundi Norðfirðingafélagsins, en hann var haldinn þann 20. nóvember 1968, í Átthagasal Hótel Sögu. Það er því runnið upp allmyndarlegt afmælisár, sem við munum eflaust halda upp á með tilhlýðilegum hætti á komandi starfsári. Við hittumst síðast á árshátíð Norðfirðingafélagsins, sem haldin var 12. mars s.l. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Þáttaka var allgóð og þótti árshátíðin heppnast hið besta. Heiðursgestir okkar voru hjónin Svandís Ólafsdóttir og Eypór Einarsson frá Kviabóli. Eypór flutti hátíðarræðu kvöldsins og minntist margra skemmtilegra atburða frá uppvaxtarárum sínum heima á Norðfirði. Viðstaddir fóru m.a. í skemmtilega gönguferð með Eypóri upp á Nípukoll. Stjórn félagsins færir þeim Svandísi og Eypóri bestu þakkir fyrir skemmtilegt kvöld. Við fengum tvö danspör í heimsókn, sem sýndu okkur listir sínar. Innbæingar sigruðu útbæinga í æsispennandi spurningakeppni og efnt var til happdrættis um margt góðra vinninga.

Jóhanna á Framnesi sem hreppti ferðavinning að fjárhæð kr. 20.000.- gaf andvirðið til ferðar sem stofnað verður til á sumri komanda með aldraða Norðfirðinga upp á Hérað. Þökk sé Jóhönnu fyrir höfðinglega gjöf til góðs málefnis. Að loknu öllu þessu var síðan stiginn dans af miklu fjöri fram eftir nóttu. Mörgum fannst hávaðinn frá "instrumentum" hljómsveitarmanna helst til of mikill til að hægt væri að ræða saman og láir þeim það enginn. Það virðist einu gilda þó að loforð séu gefin um hljóma á lægri nóttunum. Allt kemur fyrir ekki. Stjórnin mun gera ítrekaðar tilraunir til þess að hávaði fari ekki fram úr hófi á næstu árshátíð.

Aðalfundur félagsins verður eins og svo mörg undanfarin ár haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju. Það hefur jafnan farið vel á því að framkalla ákveðna jólastemningu á þessum fundum þar sem svo nærri er liðið jólum, þegar þeir eru haldnir. Það verður að sjálfsögðu líka gert að þessu sinni. Borð munu hlaðin girnilegum heimabakstri myndarlegra félagskvenna og að sjálfsögðu afmælistertu í tilefni 20 ára afmælisins.

Eins og áður býður stjórn félagsins 67 ára félögum og eldri til jólakaffisins.

Séra Sigfinnur Þorleifsson, sem ættaður er frá Skálateigi, starfandi prestur við Borgarspítalann, mun flytja okkur jólahugvekju. Jólakort á vegum Safnaðarheimilis Norðfjarðarkirkju verða boðin til sölu á fundinum og væntir stjórn félagsins þess að félagar bregðist vel við og kaupi kortin. Gíróseðlar fyrir árgjöldum félagsmanna hafa þegar verið sendir út og vonumst við til þess að félagar greiði þá skilvíslega.

Að endingu hvetjum við eindregið alla Norðfirðinga, unga sem aldna til þess að mæta nú á þennan jóla- og aðalfund félagsins og taka þátt í þeirri stemningu sem jafnan ríkir á þessum fundum og rifja upp gömul kynni.

Mætum öll í hátíðarskapi

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4, 108 Reykjavík
Ritstjóri: Elsa Christensen